LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS

FJÖLRIT NR. 17

GRASAFRÆÐIRANNSÓKNIR VIÐ HVALFJÖRÐ

Hörður Kristinsson

Bergþór Jóhannsson

Eyþór Einarsson

REYKJAVÍK 1983

EFNISYFIRLIT

Hörður Kristinsson

MARKMIÐ OG SKIPULAG RANNSÓKNANNA

INNGANGUR.

Skýrsla þessi greinir frá grasafræðirannsóknum, sem gerðar hafa verið við Hvalfjörð, einkum í nágrenni Grundartanga, vegna hugsanlegrar loftmengunar frá málmblendiverksmiðju, sem þar var reist og hefur verið starfrækt síðan 1979. Þær voru skipulagðar með því markmiði, að efla þekkingu á gróðri á svæðinu nægilega til að skapa grundvöll til samanburðar við síðari tíma. Ef sú staða kæmi upp, að grunur leiki á skaða af völdum loftmengunar, á að vera hægt að meta, hvort breytingar hafi orðið á gróðri, og hvers eðlis þær eru.

Rannsóknir þessar voru unnar samkvæmt samningi Líffræðistofnunar Háskólans og Íslenzka járnblendifélagsins, er staðfestur var í apríl 1978. Líffræðistofnun gerði samninga við Náttúrufræðistofnun Íslands um rannsóknir á háplöntum og mosum, og við Náttúrugripasafnið á Akureyri um rannsóknir á fléttum. Úrvinnsla flétturannsóknanna fór eftir 1977 fram á Líffræðistofnun.

ÁHRIF LOFTMENGUNAR Á GRÓÐUR.

Skaðleg áhrif loftmengunar á gróður eru yfirleitt rakin til brennisteinsdíoxíðs (SO_2), nema í einstökum tilfellum, þegar önnur skaðleg efni eru í verulegu magni leidd út í loftið (t.d. fluor). Hér getur annars vegar verið um skammtímaáhrif af miklu magni að ræða, og hins vegar um langtímaáhrif af litlu en stöðugu magni brennisteinsdíoxíðs. Við slíkar aðstæður geta plöntur safnað efnunum saman smátt og smátt, þar til þau fara að valda skaða eftir að vissu magni er náð. Þetta fer verst með þær plöntur, sem nota sömu laufblöðin og sprota í mörg ár. Í þeim flokki eru barrtré, sígrænar lyngtegundir, fléttur og mosar.

Mjög er breytilegt eftir plöntutegundum, hversu hátt brennisteinsdíoxíðsmagn má vera í lofti, án þess að skaðleg áhrif komi í ljós. Gera má ráð fyrir sýnilegum skaðlegum áhrifum hjá mörgum háplöntum,

þegar árlegt meðalmagn er orðið 50-200 $\mu g/m^3$ SO_2, en náttúrlegt magn er innan við 1 $\mu g/m^3$. Sumar tegundir þola þó töluvert meira, og aðrar (einkum barrtré) sýna skaða við minna magn. Í vissum tilfellum hefur verið bent á, að áhrif á uppskeru tegunda komi fram við lægra magn en sýnileg einkenni.

Ýmsar fléttur eru næmari á loftmengun en flestar háplöntur, og getur áhrifa á fléttusamfélög farið að gæta við 20 $\mu g/m^3$ árlegt meðalmagn af SO_2, en næmastan mælikvarða á loftmengun gefa flétturnar á bilinu 30-70 $\mu g/m^3$ samkvæmt brezkum niðurstöðum. Aðeins allra þolnustu tegundir fléttna lifa af við 150 $\mu g/m^3$ árlegt meðalmagn. Þessar tölur eru allar miðaðar við fléttusamfélög á trjám, en þau eru talin viðkvæmari fyrir loftmengun en fléttusamfélög á jarðvegi, hugsanlega vegna þess, að loftmengun gæti meira í nokkurri hæð frá jörðu, en í sverðinum.

SKIPULAG GRASAFRÆÐIRANNSÓKNA VIÐ GRUNDARTANGA.

Í ljósi þeirrar þekkingar, sem fyrir hendi er um áhrif loftmengunar á gróður, og að hluta hefur verið rakin hér að framan, var lítil áherzla lögð á rannsóknir á háplöntum, utan tegundaskrár, sem gerð var á Grundartanga og í næsta nágrenni (2 km geisla). Þeim mun meiri áherzla var lögð á mosa og fléttur, þar sem þær eru taldar gefa öruggari vísbendingu um loftmengun.

Þessar rannsóknir beindust annars vegar að gerð útbreiðslukorta fyrir Grundartanga og nágrenni. Ef verulegrar loftmengunar mundi gæta á svæðinu, gæti það haft í för með sér, að göt komi í slíka útbreiðslu í næsta nágrenni verksmiðjunnar, eða á meginvindfána út frá henni. Dæmi um slíkt eru þekkt víða erlendis umhverfis verksmiðjur, en þar er þó venjulega um trjáfléttur að ræða. Minni líkur ættu að vera á að slíkt gerðist hérlendis, bæði þar sem jarðfléttur virðast vera minna útsettar fyrir loftmengun, og einnig ætti dreifing og útþynning loftsins víðast hvar að vera meiri hér vegna veðurfars.

Hins vegar beindust rannsóknirnar að gróðurmælingum og ljósmyndun mosa- og fléttusamfélaga á varanlega merktum, 50 x 50 sm reitum. Reitirnir voru staðsettir á klöppum, sem standa upp úr umhverfinu. Það var gert með tilliti til þess, að þar sem lítið er um tré á Grundartangasvæðinu, væru fléttusamfélög á klapparholtum líklegust til að gefa næman mælikvarða á loftmengun við íslenzkar aðstæður.

Ljósmyndir voru teknar af þessum reitum með eins til tveggja ára millibili frá 1975 til 1982, einkum til þess að geta áttað sig á náttúrlegum breytingum þessara samfélaga frá ári til árs. Það myndi auðvelda túlkun mynda, sem teknar væru eftir margra ára starfrækslu verksmiðjunnar.

Ef ástæða þykir til að gera samanburðarathuganir síðar með tilliti til hugsanlegrar loftmengunar, er hægt að endurtaka gróðurmælingarnar og ljósmyndun reitanna, og bera niðurstöðurnar saman við þau gögn, sem fyrir liggja. Ættu áhrif loftmengunar að koma fyrr fram á þessum reitum, einkum næst verksmiðjunni, heldur en á útbreiðslukortunum.

HEIMILDIR

Gilbert, O.L. Lichens and Air Pollution. í *The Lichens*, 443-472. New York og London 1973.

Hawksworth, D.L. Mapping Studies. í *Air Pollution and Lichens*, 38-76. London 1973.

Nash, T.H. The Effect of Air Pollution on other Plants, Particularly Vascular Plants. í *Air Pollution and Lichens*, 192-223. London 1973.

Saunders, P.J.W. og C.M. Wood. Sulphur Dioxide in the Environment: Its Production, Dispersal and Fate. í *Air Pollution and Lichens*, 6-37. London 1973.

Eyþór Einarsson

HÁPLÖNTUFLÓRA GRUNDARTANGA OG NÁGRENNIS

INNGANGUR.

Á eftirfarandi skrá er að finna þær tegundir háplantna (blómplantna og byrkninga) sem fundist hafa í fimm ferðum sem farnar voru til athugunar á háplöntuflóru Grundartanga og nágrennis, en samkvæmt samningi milli Líffræðistofnunar Háskólans og Náttúrufræðistofnunar Íslands tók Náttúrufræðistofnun að sér að kanna hvaða tegundir háplantna yxu villtar á þessu svæði. Ferðirnar voru farnar síðari hluta sumars 1975, fyrri hluta sumars 1976, á miðju sumri 1978, síðari hluta sumars 1978 og snemma hausts sama ár, og í hverri ferð dvalið einn dag á staðnum við rannsóknir. Rannsóknasvæðið afmarkaðist af hring með því sem næst 2 km radíus út frá verksmiðjunni á Grundartanga.

Á skránni eru alls 142 tegundir, en varla er að búast við að öllu fleiri en 150 tegundir vaxi villtar á þessu frekar einhæfa svæði. Þó hafa ekki ennþá fundist þar nokkrar tegundir, sem eru algengar um allt land, og gætu því vel vaxið þar en verið sjaldgæfar.

Merkasti hluti svæðisins er án efa Eiðisvatn og votlendið umhverfis það, sem er ennþá furðu tegundaríkt, þó nokkuð hafi verið grafið þar af framræsluskurðum, en sökum þess hve flatt landið er hafa skurðirnir ekki að fullu komið að tilætluðum notum.

Rannsóknirnar gerði höfundur ásamt Kristbirni Egilssyni grasafræðingi.

SKRÁ YFIR TEGUNDIR BLÓMPLANTNA OG BYRKNINGA FUNDNAR Á GRUNDARTANGA OG NÁGRENNI.

AGROSTIS CANINA L. (títulíngresi)
A. STOLONIFERA L. (skriðlíngresi)
A. TENUIS Sibth. (hálíngresi)
ALCHEMILLA ALPINA L. (ljónslappi)
A. VULGARIS L. (maríustakkur)
ALOPECURUS AEQUALIS Sobol. (vatnsliðagras)
A. PRATENSIS L. (háliðagras)
ANGELICA ARCHANGELICA L. (ætihvönn)
ANTHOXANTHUM ODORATUM L. (ilmreyr)
ARMERIA MARITIMA (Mill.) Willd. (geldingahnappur)
ATRIPLEX GLABRIUSCULA Edmonst. (hélublaðka)
BETULA NANA L. (fjalldrapi)
B. PUBESCENS Ehrh. (birki)
BOTRYCHIUM LUNARIA (L.) Sw. (tungljurt)
CALAMAGROSTIS NEGLECTA (Ehrh.) G.M. & Sch. (hálmgresi)
CALTHA PALUSTRIS L. (hófsóley)
CARDAMINE NYMANII Gand. (hrafnaklukka)
CARDAMINOPSIS PETRAEA (L.) Hiit. (melskriðnablóm)
CAREX BIGELOWII Torr. (stinnastör)
C. CANESCENS L. (blátoppastör)
C. CAPILLARIS L. (hárleggjastör)
C. CAPITATA Sol. (hnappstör)
C. CHORDORRHIZA Ehrh. (vetrarkvíðastör)
C. DIOICA L. (tvíbýlisstör)
C. GLAREOSA Wg. (heigulstör)
C. LIMOSA L. (flóastör)
C. LYNGBYEI Hornem. (gulstör)
C. MARITIMA Gunn. (bjúgstör)
C. MICROGLOCHIN Wg. (broddastör)
C. NIGRA Reich (mýrastör)
C. NORVEGICA Retz (fjallastör)
C. PANICEA L. (belgjastör)
C. RARIFLORA (Wg.) Sm. (hengistör)
C. ROSTRATA Stokes (ljósastör)

CAREX SAXATILIS L. (hrafnastör)
C. VAGINATA Tausch (slíðrastör)
CARUM CARVI L. (kúmen)
CATABROSA AQUATICA (L.) PB. (vatnsnarfagras)
CERASTIUM ALPINUM L. (músareyra)
C. FONTANUM Baumg. ssp. *SCANDICUM* H. Gartner (vegarfi)
COCHLEARIA OFFICINALIS L. (skarfakál)
CYSTOPTERIS FRAGILIS (L.) Bernh. (tófugras)
DESCHAMPSIA ALPINA (L.) R. & S. (fjallapuntur)
D. CAESPITOSA (L.) PB. (snarrótarpuntur)
D. FLEXUOSA (L.) Trin (bugðupuntur)
DRABA INCANA L. (grávorblóm)
DROSERA ROTUNDIFOLIA L. (sóldögg)
DRYAS OCTOPETALA L. (holtasóley)
ELEOCHARIS QUINQUEFLORA (F.X. Hartm.) O. Schwarz (fitjaskúfur)
E. UNIGLUMIS (Link.) Schult. (vætuskúfur)
EMPETRUM NIGRUM L. (krækilyng)
EPILOBIUM PALUSTRE L. (mýradúnurt)
EQUISETUM ARVENSE L. (klóelfting)
E. FLUVIATILE L. (fergin)
E. PALUSTRE L. (mýrelfting)
E. PRATENSE Ehrh. (vallelfting)
ERIGERON BOREALE (Vierh.) Simm. (jakobsfífill)
ERIOPHORUM ANGUSTIFOLIUM Honck. (klófífa)
E. SCHEUCHZERI Hoppe (hrafnafífa)
EUPHRASIA FRIGIDA Pugsl. (augnfró)
FESTUCA RUBRA L. (túnvingull)
F. VIVIPARA (L.) Sm. (blávingull)
FILIPENDULA ULMARIA (L.) Maxim (mjaðjurt)
GALIUM BOREALE L. (krossmaðra)
G. NORMANII O. Dahl (hvítmaðra)
G. VERUM L. (gulmaðra)
GENTIANELLA AMARELLA (L.) Börner (grænvöndur)
G. CAMPESTRIS (L.) Börner (maríuvöndur)
G. DETONSA Rottb. (engjavöndur)
HIERACIUM spp. (ýmsir undafíflar)

JUNCUS ALPINUS Vill. (mýrasef)
J. ARCTICUS Willd. ssp. *INTERMEDIUS* Hyl. (hrossanál)
J. BULBOSUS L. (hnúðsef)
J. RANARIUS Song & Perr. (lindasef)
J. TRIFIDUS L. (móasef)
J. TRIGLUMIS L. (blómsef)
KOBRESIA MYOSUROIDES (Vill.) Fiori & Paol. (þursaskegg)
KOENIGIA ISLANDICA L. (naflagras)
LEONTODON AUTUMNALIS L. (skarifífill)
LUZULA MULTIFLORA (Retz) Lej (vallhæra)
L. SPICATA (L.) DC. (axhæra)
LYCOPODIUM SELAGO L. (skollafingur)
MATRICARIA MARITIMA L. ssp.*PHAEOCEPHALA* (Rupr.) Rauschert (baldursbrá)
MENYANTHES TRIFOLIATA L. (horblaðka)
MERTENSIA MARITIMA (L.) S.F. Gray (blálilja)
MINUARTIA RUBELLA (Wg.) Hiern. (melanóra)
MONTIA FONTANA L. (lækjagrýta)
MYOSOTIS ARVENSIS (L.) Hill (gleym-mér-ei)
MYRIOPHYLLUM ALTERNIFLORUM L. (síkjamari)
NARDUS STRICTA L. (finnungur)
OXYRIA DIGYNA (L.) Hill (ólafssúra)
PARNASSIA PALUSTRIS L. (mýrasóley)
PHLEUM PRATENSE L. (vallafoxgras)
PINGUICULA VULGARIS L. (lyfjagras)
PLANTAGO MARITIMA L. (kattartunga)
PLATANTHERA HYPERBOREA (L.) Lindley (friggjargras)
POA ALPINA L. (fjallasveifgras)
P. ANNUA L. (varpasveifgras)
P. GLAUCA Vahl. (blásveifgras)
P. PRATENSIS L. (vallarsveifgras)
POLYGONUM AVICULARE L. (blóðarfi)
P. VIVIPARUM L. (kornsúra)
POTAMOGETON ALPINUS Balb. (fjallnykra)
P. FILIFORMIS Pers. (þráðnykra)
P. GRAMINEUS L. (grasnykra)
P. PERFOLIATUS L. (hjartanykra)

POTENTILLA ANSERINA L. (tágamura)
P. CRANTZII (Cr.) G. Beck (gullmura)
P. PALUSTRIS (L.) Scop. (engjarós)
PUCCINELLIA MARITIMA (Huds.) Parl. (sjávarfitjungur)
RANUNCULUS ACRIS L. (brennisóley)
R. HYPERBOREUS Rottb. (sefbrúða)
R. REPENS L. (skriðsóley)
RHINANTHUS MINOR L. (lokasjóður)
RUMEX ACETOSA L. (túnsúra)
R. ACETOSELLA L. (hundasúra)
SAGINA NODOSA (L.) Fenzl. (hnúskakrækill)
S. PROCUMBENS L. (skammkrækill)
SALIX CALLICARPAEA Trautv. (grávíðir)
S. HERBACEA L. (grasvíðir)
SANGUISORBA OFFICINALIS L. (blóðkollur)
SAXIFRAGA CAESPITOSA L. (þúfusteinbrjótur)
S. STELLARIS L. (stjörnusteinbrjótur)
SEDUM ACRE L. (helluhnoðri)
S. VILLOSUM L. (flagahnoðri)
SELAGINELLA SELAGINOIDES (L.) Link. (mosajafni)
SILENE ACAULIS (L.) Jacq (lambagras)
S. MARITIMA With. (holurt)
SPERGULA ARVENSIS L. (skurfa)
STELLARIA CRASSIFOLIA Ehrh. (stjörnuarfi)
S. MEDIA (L.) Vill (haugarfi)
TARAXACUM spp. (tegundir túnfífla)
THALICTRUM ALPINUM L. (brjóstagras)
THYMUS PRAECOX Opiz ssp. *ARCTICUS* (Dur.) Jalas (blóðberg)
TOFIELDIA PUSILLA (Michx.) Pers. (sýkigras)
TRICHOPHORUM CAESPITOSUM (L.) Hartm. (mýrafinnungur)
TRIGLOCHIN PALUSTRE L. (mýrasauðlaukur)
TRISETUM SPICATUM (L.) Richt. (lógresi)
VACCINIUM ULIGINOSUM L. (bláberjalyng)
VIOLA CANINA L. (týsfjóla)
VIOLA PALUSTRIS L. (mýrfjóla)
VISCARIA ALPINA (L.) G. Don. (ljósberi)

Hörður Kristinsson

FLÉTTUFLÓRA GRUNDARTANGA OG NÁGRENNIS

INNGANGUR.

Sumarið 1975 var unnið að rannsóknum á útbreiðslu fléttna á svæðinu umhverfis Grundartanga við Hvalfjörð. Tekið var fyrir ferningslaga svæði, 11 x 11 km að stærð, og er Grundartangi á miðju svæðinu. Því var skipt í reiti, sem hver um sig voru 1 ferkílómetri að stærð. Af þessum reitum féllu 88 á land, en afgangurinn í sjó, að undanskildum einum, sem allur er í Eiðisvatni (sbr. 1. mynd).

Farið var um alla þessa reiti sumarið 1975, og voru allar runn- og blaðfléttur skráðar í hverjum reit, auk margra hrúðurfléttna, en vandgreindum eintökum var safnað til greiningar á rannsóknastofu. Niðurstöður um runn- og blaðfléttur birtast hér á eftir í tegundaskrá með upplýsingum um kjörlendi tegundanna, og hversu algengar þær eru. Einnig fylgja útbreiðslukort byggð á áðurnefndu reitkerfi.

TEGUNDASKRÁ

Samtals fundust á rannsóknasvæðinu 101 tegund runn- og blaðfléttna. Þeim er raðað í stafrófsröð ættkvísla og tegunda í meðfylgjandi skrá. Í þessum hópi eru fjórar tegundir afar sjaldgæfar á Íslandi, eftir því sem bezt er vitað: *Cladonia macilenta*, *C. squamosa*, *Stereocaulon uliginosum* og *Dermatocarpon rivulorum*. Þrjár þær fyrstnefndu hafa aðeins fundizt á einum öðrum stað á landinu, en hin síðastnefnda hafði ekk- fundizt áður á landinu, er henni var safnað við Kúludalsá, en hefur fundizt á einum stað öðrum síðan (KRISTINSSON 1981).

Heimildir vantar um nokkrar tegundir á þessu svæði, sem að jafnaði hafa verið taldar algengar um allt land. Flestar þeirra, *Cetraria hepatizon*, *Cladonia macrophyllodes*, *C. mitis* og *Umbilicaria hyperborea* eru þó trúlega sjaldgæfar á láglendi sunnan- og vestanlands, og er vöntun þeirra því skiljanleg frá því sjónarmiði. Aðrar, svo sem *Cladonia cariosa*, *Nephroma parile*, *Peltigera aphthosa* og *Solorina spongi-*

osa, ættu samkvæmt útbreiðslu sinni á landinu öllu að finnast á svæðinu, og því trúlegt, að sést hafi verið yfir þær.

ALECTORIA NIGRICANS (Ach.) Nyl. Surtarkræða.

Fremur óvíða og lítið í stað. Er helzt uppi til fjalla, eða á melkollum og klettaholtum á láglendi.

ALECTORIA SARMENTOSA (Ach.) Ach. ssp. *VEXILLIFERA* (Nyl.) Hawksw.

Hér og hvar í Eyrarfjalli, aðeins smátó á einum stað fundin í Akrafjalli upp af Kúludal, annars staðar ófundin.

BAEOMYCES PLACOPHYLLUS Ach.

Nokkuð víða í Leirársveit og á flatlendinu við Eiðisvatn. Vex mestmegnis utan í skurðbökkum, en finnst einnig á blásnum þúfum. Tegundin hefur aðeins fundizt á Suður- og Suðvesturlandi, og er óvenju mikið af henni á þessu svæði.

BAEOMYCES ROSEUS Pers.

Fundinn á nokkrum stöðum, hvergi mikið. Vex á mold.

BAEOMYCES RUFUS (Huds.) DC.

Mjög algeng um allt svæðið á mold, mest er af henni utan í skurðbökkunum, en einnig er hún á blásnum þúfum.

CETRARIA DELISEI (Bory) Th.Fr. Mundagrös.

Þessi fjallategund fannst aðeins uppi á Akrafjalli ofan 400 m, en þar er mikið af henni, svo sem algengt er til fjalla.

CETRARIA ISLANDICA (L.) Ach. Fjallagrös.

Mjög algeng hvarvetna á svæðinu, en hvergi stórvaxin né í verulega miklu magni. *Cetraria nivalis* (L.) Ach. (maríugrös) fannst hvergi, og er það athyglisvert, þar sem hún er yfirleitt algeng um landið.

CLADONIA ACUMINATA (Ach.) Norrl.

Fannst á einum stað á Hrossatanga við Eiðisvatn.

CLADONIA ARBUSCULA (Wallr.) Rabenh.

Mjög algeng bæði á láglendi og til fjalla á mólendi og á mýraþúf-

um. Tegundin þekkist tæplega frá *Cladonia mitis* Sandst., nema notuð sé svörun fyrir fumarprotocetrarsýru. Hún var gerð á allmörgum sýnum, og reyndist ætíð vera jákvæð. Var af því dregin sú ályktun, að *C. mitis* væri ekki á svæðinu, eða í það minnsta mjög sjaldgæf, og allir skráðir fundir því heimfærðir undir *C. arbuscula*. Þetta styrkir þá tilgátu, að *C. mitis* vanti á láglendi á Suður- og Vesturlandi.

CLADONIA CHLOROPHAEA (Somm.) Spreng.

Algeng um allt svæðið, mest áberandi utan í skurðbökkum, en einnig víða á móa- og mýrarþúfum.

CLADONIA COCCIFERA (L.) Willd.

Alls staðar algeng. Var sérstaklega þroskaleg, með aragrúa af stórum, hárauðum askhirzlum á mýrlendinu við norðausturhorn Eiðisvatns.

CLADONIA ECMOCYNA (S.Gray) Leight.

Má heita algeng uppi á Akrafjalli, einkum í bollum og snjódældum, en hvergi fundin annars staðar.

CLADONIA FURCATA (Huds.) Schrad.

Mjög algeng um allt svæðið, mikið á mýrarþúfum, í mólendi og á klapparholtum.

CLADONIA GRACILIS (L.) Willd.

Allvíða um svæðið, en ekki mikið af henni. Tíðari við Eiðis- og Hólmavatn en annars staðar.

CLADONIA MACILENTA Hoffm.

Sjaldgæf, við norðausturenda Eiðisvatns, á mýrarþúfum. Þessi tegund hefur aðeins einu sinni áður fundizt á Íslandi, við Norðtungu í Borgarfirði, safnað af Mölholm-Hansen árið 1925 (B. LYNGE 1940).

CLADONIA MEROCHLOROPHAEA Asah.

Sjaldgæf, fundin á einum stað við norðausturhorn Eiðisvatns, á mýrarþúfum.

CLADONIA PHYLLOPHORA Hoffm.

Sjaldgæf, aðeins fundin á tveim stöðum, við norðausturhorn Eiðis-

vatns, og í Eyrarfjalli sunnan Hvalfjarðar.

CLADONIA POCILLUM (Ach.) O.J. Rich

Algeng um allt svæðið, mikið á mýrarþúfum, í skurðbökkum og í mólendi.

CLADONIA PYXIDATA (L.) Hoffm.

Algeng um allt svæðið á jarðvegstóm í klettum og á klettaholtum, og í mólendi.

CLADONIA RANGIFERINA (L.) G.Web.

Allvíða uppi á Akrafjalli í mólendi og mosaþembum, en annars fátíð. Á mýraþúfum í Lambhaganesi og í nánd við Hólmavatn.

CLADONIA RANGIFORMIS Hoffm.

Algeng alls staðar í nánd við sjó, og einnig víða á mýrarþúfum á flatlendinu umhverfis Eiðis- og Hólmavatn. Annars fremur fátíð.

CLADONIA SQUAMOSA (Scop.) Hoffm.

Mjög sjaldgæf, aðeins fundin við norðausturhorn Eiðisvatns. Þessi tegund hefur aðeins einu sinni áður fundizt á Íslandi, á Siglufirði árið 1939 (B. LYNGE 1940). Önnur eintök, sem Lynge getur um, voru ekki rétt greind.

CLADONIA STRICTA (Nyl.) Nyl.

Þessi fjallategund er hvergi fundin á svæðinu nema uppi á Akrafjalli, en þar er hún algeng.

CLADONIA SUBCERVICORNIS (Vain.) Kernst.

Mjög algeng í klettum og á klapparholtum, vex mest í þurrum klettaskorum og rifum.

CLADONIA SUBULATA (L.) Wigg.

Allalgeng, óvíða þó mikið. Vex helzt á þúfum, bæði í mýrlendi og þurrum móum, einnig í skurðbökkum.

CLADONIA TURGIDA (Ehrh.) Hoffm.

Fátíð, helzt á mýraþúfum á flatlendinu við vötnin. Vottur á einum

stað í Miðfellsmúla.

CLADONIA UNCIALIS (L.) Wigg.

Algeng um allt svæðið, jafnt á láglendi sem til fjalla. Vex í mólendi, mosaþembu eða á mýraþúfum.

CLADONIA VERTICILLATA (Hoffm.) Schaer.

Allvíða á klapparholtum og á þúfum.

COLLEMA FLACCIDUM (Ach.) Ach.

Á nokkrum stöðum í klettum og gilskorum, vex á blágrýtisveggjum.

COLLEMA GLEBULENTUM (Cromb.) Degel.

Hér og hvar í klettum, venjulega innan um mosa á votum klapparveggjum.

COLLEMA UNDULATUM (Flot.) var. *GRANULOSUM* DEGEL.

Fátíð, á mosa- og jarðvegstóm í gilskorum. Laxárgil, Bæjargil við Eyri, Merkjagil við Kúludalsá.

CORNICULARIA ACULEATA (Schreb.) Ach.

Hvarvetna algeng á þurrlendi.

CYSTOCOLEUS NIGER (Huds.) Hariot

Algeng á mold í klettaskorum og giljum.

DERMATOCARPON CINEREUM (Pers.) Th.Fr.

Allalgeng á mold, einkum í klettasyllum og klettaskorum, oft mikið utan í rofum ofan fjörukletta.

DERMATOCARPON INTESTINIFORME (Körb.) Hasse

Hér og hvar á klettaveggjum, einkum þar sem vatn seitlar öðru hverju niður.

DERMATOCARPON RIVULORUM (Arn.) DT. & Sarnth.

Sjaldgæf, aðeins fundin á einum stað í Kúludal, á skáfleti klappar. Þetta er fyrsti fundur þessarar tegundar, sem ég hef getað stað-

fest frá Íslandi (H. KRISTINSSON, 1981).

DERMATOCARPON RUFESCENS (Ach.) Th.Fr.

Má heita algeng á mold, einkum þar sem raki er, eða þar sem vatn seitlar um klettasyllur.

EPHEBE LANATA (L.) Vain.

Algeng um svæðið, á jarðvegi yfir klettum, eða á berum klöppum, einkum við regnvatnsrásir.

LEMPHOLEMMA MYRIOCOCCUM (Ach.) Th.Fr.

Líklega allvíða um svæðið, á mosatóm í klettum og giljum. Tegundin leynist nokkuð, og fannst helzt í sýnum, sem safnað hafði verið.

LEPTOCHIDIUM ALBOCILIATUM (Desm.) Choisy

Fremur sjaldgæf tegund, vex á mosatóm í klettum.

LEPTOGIUM LICHENOIDES (L.) Zahlbr.

Algeng um allt svæðið á mosa í klettum, helzt í nokkrum raka.

LEPTOGIUM SINUATUM (Huds.) Mass.

Sjaldgæf, fundin á einum stað á mosa í klettum í Merkjagili við Kúludalsá.

LICHINA CONFINIS (O. Müll.) Ag.

Allalgeng í fjöruklettum undir flóðmörkum, vex í *Verrucaria maura*-beltinu. Fundin báðum megin Hvalfjarðar, en ekki annars staðar.

MASSALONGIA CARNOSA (Dicks.) Koerb.

Allalgeng á mosa uppi á klettum. Er ekki bundin jarðraka eins og *Leptogium*-tegundirnar. Víða mikið á klettaholtum á flatlendinu norðan Akrafjalls.

NEPHROMA EXPALLIDUM (Nyl.) Nyl.

Sjaldgæf, fundin á tveim klapparholtum í Leirársveit, og á einum stað í Eyrarfjalli sunnan Hvalfjarðar. Vex í þurru mólendi.

NEPHROMA LAEVIGATUM Ach.

Mjög sjaldgæf, á einum stað í brúnum Eyrarfjalls.

PANNARIA HOOKERI (Sm.) Nyl.

Fundin hér og hvar í klettum, einkum til fjalla og í Laxárgili.

PANNARIA PEZIZOIDES (G. Web.) Trev.

Má heita algeng á jarðvegi um allt svæðið.

PANNARIA PRAETERMISSA Nyl.

Hér og hvar um svæðið. Fundin við Jötnaberg, Miðfellsmúla, Eyrarfjall og Akrafjall. Vex í klettaskorum.

PARMELIA EXASPERATA de Not.

Á birkigreinum í trjáreit við félagsheimilið á Selhæð við Stóru-Fellsöxl. Einnig fundin rétt utan svæðisins í trjáreit utan við Kúludalsá sunnan undir Akrafjalli.

PARMELIA OMPHALODES (L.) Ach.

Algeng víðast hvar, mest í nágrenni varpsvæðanna í Akrafjalli og Eyrarfjalli. Vex aðallega á klettum.

PARMELIA SAXATILIS (L.) Ach.

Mjög algeng um allt svæðið á klettum

PARMELIA SULCATA Tayl.

Fremur sjaldgæf, á klettum.

PARMELIELLA TRIPTOPHYLLA (Ach.) Müll.-Arg.

Á einum stað undir Akrafjalli við Litlu Fellsöxl, á steini.

PELTIGERA CANINA (L.) Willd.

Mjög algeng í flestum gerðum graslendis, nema í túnum. Engin flettutegund finnst í eins miklu magni um allt svæðið og þessi, jafnt til fjalla sem á láglendi, og jafnt uppi á klettaholtum sem á mýraþúfum.

PELTIGERA COLLINA (Ach.) Schrad.

Sjaldgæf, fundin á tveim stöðum undir Akrafjalli, á mosagrónum klettum.

PELTIGERA LEPIDOPHORA (Nyl.) Bitt.

Sjaldgæf, í Laxárgili og í Mjóadal við Kalastaði.

PELTIGERA LEUCOPHLEBIA (Nyl.) Gyeln.

Algeng um allt svæðið í ýmis konar graslendi, en í miklu minna magni en *P. canina.*

PELTIGERA MALACEA (Ach.) Funck.

Sjaldgæf. Í þurru mólendi við Beitistaði í Leirársveit, og Eyri við Hvalfjörð.

PELTIGERA OCCIDENTALIS (Dahl) Krist.

Sjaldgæf, fundin við Beitistaðaholt.

PELTIGERA POLYDACTYLA (Neck.) Hoffm.

Útbreidd um allt svæðið, en strjál. Vex aðallega í þurru mólendi.

PELTIGERA PRAETEXTATA (Sommerf.) Zopf

Allvíða í giljum og klettum, vex helzt á mosa í bröttum eða slútandi klettum.

PELTIGERA RUFESCENS (Weiss) Humb.

Algeng, vex einkum í þurrlendi, utan í eða uppi á klettaholtum, á melum eða í fjallshlíðum.

PELTIGERA SPURIA (Ach.) DC.

Allvíða, mest utan í skurðbökkum og á þúfum í votlendi.

PELTIGERA VENOSA (L.) Hoffm.

Fundin á fáum stöðum. Vex í giljum, utan í bröttum bökkum og inni í skútum.

PHAEOPHYSCIA ORBICULARIS (Neck.) Moberg

Allvíða á klettum meðfram ströndinni norðan Hvalfjarðar, en ófundin annars staðar.

PHAEOPHYSCIA SCIASTRA (Ach.) Moberg

Safnað á einum stað í Merkjagili við Kúludalsá. Einnig fundin utan svæðisins á Ósi við Akranes. Vex á mold í klettum. Er vafalaust algengari en þessir fundir gefa til kynna, því tegundin leynist vel vegna smæðar sinnar.

PHYSCIA CAESIA (Hoffm.) Fürnrohr

Algeng, einkum uppi á klettum og fuglatoppum nærri sjó.

PHYSCIA DUBIA (Hoffm.) Lett.

Algeng á staksteinum og toppum, þar sem fuglar tylla sér. Þessi tegund er jafndreifðari lengra frá sjó en *P. caesia*.

PHYSCONIA MUSCIGENA (Ach.) Nyl.

Sjaldgæf, aðeins fundin á Álftatanga í Leirársveit, uppi á klapparás.

PHYSCONIA MUSCIGENA (Ach.) Nyl.

Sjaldgæf, aðeins fundin á Álftatanga í Leirársveit, uppi á klapparás.

PLACYNTHIUM ASPRATILE (Ach.) Henssen

Sjaldgæf, á klettaveggjum Jötnabergs við Vogatungu.

PLACYNTHIUM NIGRUM (Huds.) S.Gray

Sjaldgæf, á klettaveggjum í Laxárgili við Stóra Lambhaga.

POLYCHIDIUM MUSCICOLA (Sw.) S.Gray

Algeng um allt svæðið, aðallega á mosa uppi á klettum.

PSEUDEPHEBE MINUSCULA (Nyl. ex Arn.) Brodo & Hawksw.

Sjaldgæf, á basalti. Fannst á grjótás á Hrossatanga við Eiðisvatn, og í gili í fjallinu ofan við Litlu Fellsöxl.

PSEUDEPHEBE PUBESCENS (L.) Choisy

Allvíða til fjalla á basalti, og í stöku stað á melkollum og klettaholtum.

PSOROMA HYPNORUM (Vahl) S. Gray

Algeng á mosavöxnum þúfum og jarðvegi. Var. *paleaceum* fundin við Litlu Fellsöxl og í Eyrarfjalli.

RAMALINA SUBFARINACEA (Cromb.) Nyl.

Á nokkrum stöðum utan í háum klettum. Jötnaberg við Vogatungu, Lambhaganes, Burstarás við Klafastaði og á tveim stöðum í Akrafjalli.

SOLORINA BISPORA Nyl.

Allvíða á mold, bæði í klettaskorum og í mólendi.

SOLORINA CROCEA (L.) Ach.

Víða í Akrafjalli og í Eyrarfjalli. Óvænt var að finna þessa snjódælda- og fjallategund á nokkrum stöðum á láglendi í Leirársveit. Ófundin annars staðar á svæðinu.

SOLORINA SACCATA (L.) Ach.

Sjaldgæf, Lambhaganes, Lambhagamelar og Grafarmelar. Vex utan í þúfum í mólendi og flögum.

SPHAEROPHORUS FRAGILIS (L.) Pers.

Allvíða, mest í nágrenni varpstöðvanna í Akrafjalli og Eyrarfjalli.

SPHAEROPHORUS GLOBOSUS (Huds.) Vain.

Mjög algeng um allt svæðið í graslendi og mólendi.

STEREOCAULON ALPINUM Laur.

Mjög algeng á grónum jarðvegi um allt svæðið.

STEREOCAULON ARCTICUM Lynge

Mjög víða í flögum, melum og á þúfnarofum. Einna algengust til fjalla.

STEREOCAULON CAPITELLATUM Magn.

Mjög sjaldgæf, á basalti í klettaskorum í Akrafjalli.

STEREOCAULON DEPRESSUM (Frey) M.Lamb

Á nokkrum stöðum á klöppum í Leirársveit og nágrenni.

STEREOCAULON RIVULORUM Magn.

Víða um allt svæðið á melum eða á grónum jarðvegi.

STEREOCAULON SPATHULIFERUM Vain.

Sjaldgæf, á klettum. Beitistaðaholt, Vogatunga, Eyrarfjall.

STEREOCAULON ULIGINOSUM M. Lamb

Mjög sjaldgæf. Fundin utan við Kúludalsá í hallandi grasbrekku skammt ofan sjávarkletta. Þessi tegund hefur aðeins fundizt á einum stað á Íslandi áður, á Sandvíkurheiði við Vopnafjörð árið 1968 (M. LAMB 1977).

STEREOCAULON VESUVIANUM Pers.

Mjög algeng um allt svæðið á basalti, hvarvetna þar sem grjót er að finna.

THAMNOLIA SUBULIFORMIS (Ehrh.) Culb.

Algeng um allt svæðið, einkum uppi á ásum, klettaborgum eða melkollum.

UMBILICARIA ARCTICA (Ach.) Nyl.

Sjaldgæf, fundin á tveim stöðum á basalti, á Beitistaðaholti og Eyrarfjalli.

UMBILICARIA CYLINDRICA (L.) Del.

Algeng á basalti um allt svæðið, meira til fjalla en á láglendi.

UMBILICARIA PROBOSCIDEA (L.) Schrad.

Hvarvetna algeng á basalti.

UMBILICARIA TORREFACTA (Lightf.) Schrad.

Algeng á basalti um allt svæðið.

VESTERGRENOPSIS ELAEINA (Wahlenb.) Gyeln.

Allvíða á klettum , virðist vera tíðari norðan undir Akrafjalli og Eyrarfjalli en annars staðar.

XANTHORIA CANDELARIA (L.) Th.Fr.

Algeng uppi á klettum og þúfnastrýtum, og annars staðar þar sem fuglar setjast oft.

XANTHORIA ELEGANS (Link.) Th.Fr.

Óvíða, á nokkrum stöðum á sjávarklettum með Hvalfirði utanverðum, á einum stað við Hólmavatn og uppi á Miðfellsmúla.

XANTHORIA PARIETINA (L.) Th.Fr.

Algeng hvarvetna meðfram sjó á klettum. Fannst hvergi á svæðinu meira en 1-2 km frá sjó.

ÚTBREIÐSLUKORT.

Útbreiðslukort þau, sem hér fara á eftir, eru byggð á 1 x 1 km reitum. Fylltur reitur táknar, að viðkomandi tegund hafi verið skráð einhvers staðar innan reitsins, án þess að gefa nokkrar upplýsingar um magn tegundarinnar.

Liðlega 20 tegundir blað- og runnfléttna reyndust vera mjög algengar hvarvetna á rannsóknasvæðinu, en 23 tegundir eru svo sjaldgæfar, að þær fundust aðeins í einum til tveim reitum. Flestar aðrar eru strjálar vítt um svæðið, en nokkrar hafa greinilega takmarkaða útbreiðslu á svæðinu. Hér virðast einkum tveir þættir ráða slíkum takmörkum: hæð yfir sjávarmáli, og fjarlægð frá sjó. Til hægðarauka eru á eftir útbreiðslukortunum sýnd kort yfir reiti sem ná upp fyrir 200 m hæð yfir sjávarmál, og reiti sem liggja að sjó.

Fjórar tegundir fundust aðeins á fjöllum innan svæðisins: *Cetraria delisei*, *Cladonia stricta*, *Cladonia ecmocyna* og *Alectoria sarmentosa* var. *vexillifera*. Þrjár þær fyrrnefndu fundust aðeins á Akrafjalli, og eru allar algengar fjallategundir, en sú síðastnefnda var mun algengari í Eyrarfjalli en Akrafjalli, og er ekki eiginleg fjallategund hér á landi. Tvær tegundir til viðbótar, *Cladonia rangiferina* og *Solorina crocea* höfðu meginútbreiðslu í fjöllum svæðisins, þótt þær fyndust einnig á láglendi.





1. mynd. Staðsetning og reitskipting rannsóknasvæðisins fyrir útbreiðslukort.

Þrjár tegundir, *Lichina confinis*, *Phaeophyscia orbicularis* og *Xanthoria parietina* virðast algerlega fylgja sjávarströndinni í sinni útbreiðslu. Þar hefur *L. confinis* sérstöðu, því hún er einskorðuð við fjörukletta, sem fara undir sjó á flóði, í *Verrucaria maura*-beltinu. Hinar tegundirnar báðar eru að jafnaði á klettum við eða ofan fjöruborðs, og geta verið nokkuð frá sjó. Tvær tegundir til viðbótar, *Cladonia rangiformis* og *Physcia tenella* var. *marina* vaxa í mestu magni við ströndina, en hittast hér og hvar lengra frá sjó.

Þá virðist útbreiðsla *Baeomyces placophyllus* vera takmörkuð við flatlendið og mýrarnar. Þessa útbreiðslu má rekja til vaxtarstaða þessarar tegundar, sem eru skurðbakkar, skurðruðningar, og aðrir staðir þar sem mýrarsverði hefur verið rótað upp.

Vert er að vekja athygli á flóasvæði einu við norðausturhorn Eiðisvatns, vegna sérstakrar tegundaauðgi og mikillar grózku í fléttugróðrinum. Þar fundust á mýraþúfum 5 sjaldgæfar tegundir af ættkvíslinni *Cladonia*: *C. phyllophora*, *C. turgida*, *C. merochlorophaea*, *C. squamosa* og *C. macilenta*, og hafa tvær þær síðastnefndu aðeins fundizt einu sinni á Íslandi áður. Auk þess var þarna annar af tveim láglendisfundarstöðum *Cladonia rangiferina*, og óvenju mikið af grózkulegum eintökum af *Cladonia coccifera* og *Cladonia chlorophaea* með vel þroskuðum askhirzlum.

Erfitt er að fullyrða nokkuð um það, hvaða ástæður geti verið fyrir meiri fléttugróðri og fjölbreyttari á þessu mýrasvæði, en öðrum. Flói þessi er aðeins lítið eitt hærri en Eiðisvatn. Ef til vill er þarna þokusælt við vötnin, en þokur geta stuðlað að grózkulegum fléttugróðri. Síðar í þessari skýrslu (bls. 63) kemur fram, að þessi sama mýri er einnig mjög auðug af mosategundum.



Reitir, sem ná upp fyrir 200 m hæð yfir sjávarmál.



Reitir, sem liggja að sjó.

ALECTORIA NIGRICANS



ALECTORIA SARMENTOSA



BAEOMYCES PLACOPHYLLUS



BAEOMYCES ROSEUS



BAEOMYCES RUFUS



CETRARIA DELISEI



CETRARIA ISLANDICA



CLADONIA ACUMINATA



CLADONIA ARBUSCULA



CLADONIA CHLOROPHAEA



CLADONIA COCCIFERA



CLADONIA ECMOCYNA



CLADONIA FURCATA



CLADONIA GRACILIS



CLADONIA MACILENTA



CLADONIA MEROCHLOROPHAEA



CLADONIA PHYLLOPHORA



CLADONIA POCILLUM



CLADONIA PYXIDATA



CLADONIA RANGIFERINA



CLADONIA RANGIFORMIS



CLADONIA SQUAMOSA



CLADONIA STRICTA



CLADONIA SUBCERVICORNIS



CLADONIA SUBULATA



CLADONIA TURGIDA



CLADONIA UNCIALIS

CLADONIA VERTICILLATA



COLLEMA FLACCIDUM



COLLEMA GLEBULENTUM



COLLEMA UNDULATUM



CORNICULARIA ACULEATA



CYSTOCOLEUS NIGER



DERMATOCARPON CINEREUM



DERMATOCARPON INTESTINIFORME



DERMATOCARPON RIVULORUM



DERMATOCARPON RUFESCENS



EPHEBE LANATA



LEMPHOLEMMA MYRIOCOCCUM



LEPTOCHIDIUM ALBOCILIATUM



LEPTOGIUM LICHENOIDES



LEPTOGIUM SINUATUM



LICHINA CONFINIS



MASSALONGIA CARNOSA



NEPHROMA EXPALLIDUM



NEPHROMA LAEVIGATUM



PANNARIA HOOKERI



PANNARIA PEZIZOIDES



PANNARIA PRAETERMISSA



PARMELIA EXASPERATA



PARMELIA OMPHALODES



PARMELIA SAXATILIS

PARMELIA SULCATA



PARMELIELLA TRIPTOPHYLLA



PELTIGERA CANINA

PELTIGERA COLLINA



PELTIGERA LEPIDOPHORA



PELTIGERA LEUCOPHLEBIA



PELTIGERA MALACEA



PELTIGERA OCCIDENTALIS



PELTIGERA POLYDACTYLA



PELTIGERA PRAETEXTATA



PELTIGERA RUFESCENS



PELTIGERA SPURIA



PELTIGERA VENOSA



PHAEOPHYSCIA ORBICULARIS



PHAEOPHYSCIA SCIASTRA



PHYSCIA CAESIA



PHYSCIA DUBIA



PHYSCIA TENELLA



PHYSCONIA MUSCIGENA



PLACYNTHIUM ASPRATILE



PLACYNTHIUM NIGRUM



POLYCHIDIUM MUSCICOLA



PSEUDEPHEBE MINUSCULA



PSEUDEPHEBE PUBESCENS



PSOROMA HYPNORUM



RAMALINA SUBFARINACEA



SOLORINA BISPORA



SOLORINA CROCEA



SOLORINA SACCATA



SPHAEROPHORUS FRAGILIS



SPHAEROPHORUS GLOBOSUS



STEREOCAULON ALPINUM



STEREOCAULON ARCTICUM



STEREOCAULON CAPITELLATUM



STEREOCAULON DEPRESSUM



STEREOCAULON RIVULORUM



STEREOCAULON SPATHULIFERUM



STEREOCAULON ULIGINOSUM



STEREOCAULON VESUVIANUM

THAMNOLIA SUBULIFORMIS



UMBILICARIA ARCTICA



UMBILICARIA CYLINDRICA



UMBILICARIA PROBOSCIDEA



UMBILICARIA TORREFACTA



VESTERGRENOPSIS ELAEINA



XANTHORIA CANDELARIA



XANTHORIA ELEGANS



XANTHORIA PARIETINA



HEIMILDIR

Kristinsson, Hörður, 1972. Additions to the lichen flora of Iceland I. Acta Bot. Isl. 1: 43-50.

Kristinsson, Hörður, 1981. Additions to the lichen flora of Iceland II. Acta Bot. Isl. 6: 23-28.

Lamb, I.M., 1977. A Conspectus of the Lichen Genus *Stereocaulon* (Schreb.) Hoffm. Journ. Hattori Bot. Lab. 43: 191-355.

Lynge, Bernt, 1940. Lichens from Iceland. I. Macrolichens. Norsk Vidensk.-Akad. Skr., Mat. Naturv. Kl. 7: 1-56.

Bergþór Jóhannsson

MOSAFLÓRA GRUNDARTANGA OG NÁGRENNIS

INNGANGUR:

Aðaláhersla var lögð á svæðið næst Grundartanga. Allvel voru því rannsökuð ströndin frá Katanesi að Galtarvík, ásarnir milli Klafastaða og Stóru Fellsaxlar og umhverfi Eiðisvatns. Lauslegri athugun fór fram á öðrum hlutum þess svæðis, sem tekið var fyrir til útbreiðslukortagerðar (sbr. 1. mynd), þ.e.a.s. Akrafjalli, svæðinu við innanverðan Leirárvog, Miðfellsmúla, svæðinu kringum Kalastaðakot og svæðinu við norðanvert Eyrarfjall.

Svæðið næst Grundartanga er að mestu leyti ræktað eða hálfræktað, en mýri er umhverfis Eiðisvatn og klapparholt eru allvíða, melar meðfram ströndinni og fjörugrjót mosavaxið og skurðbakkar víða í framræsta svæðinu. Á steinum í og við fjöruna eru *Schistidium maritimum* og *Ulota phyllantha* mest áberandi.

Á melunum meðfram ströndinni eru helstu tegundir *Brachythecium albicans*, *Ceratodon purpureus*, *Diphyscium foliosum*, *Homalothecium sericeum*, *Racomitrium ericoides*, *R. fasciculare*, *R. lanuginosum*, *Sanionia uncinata* og *Tortula ruralis*.

Á framræstu og hálfræktuðu svæðunum er *Rhytidiadelphus squarrosus* helsta tegundin.

Í skurðbökkunum eru helstu tegundir *Atrichum undulatum*, *Dicranella cerviculata*, *D. crispa*, *Pogonatum dentatum*, *P. nanum*, *P. urnigerum* og *Psilopilum laevigatum*.

Mýrin við austanvert Eiðisvatn er tegundaauðug, önnur mýrlendissvæði tegundafátækari en með fleiri eða færri af sömu tegundum. Helztu tegundirnar eru *Aulacomnium palustre*, *Calliergon giganteum*, *C. sarmentosum*, *Dicranum majus*, *Drepanocladus exannulatus*, *D. revolvens*, *Homalotehcium nitens*, *Mnium hornum*, *Oncophorus wahlenbergii*, *Polytrichum longisetum*, *Plagiomnium cinclidioides*, *Rhizomnium punctatum*, *Sphagnum fimbriatum*, *S. girgensohnii*, *S. papillosum*, *S. subnitens*, *S. teres*, *S. warnstorfii* og *Splachnum vasculosum*.

Í lækjarbökkum eru aðaltegundir *Blindia acuta*, *Bryum pseudotriquetrum*, *Calliergonella cuspidata*, *Climacium dendroides*, *Cratoneuron filicinum*, *Dichodontium pellucidum*, *Dicranella palustris*, *Philonotis fontana* og *Racomitrium aciculare*.

Á klapparholtum, þar sem einhver jarðvegur er fyrir hendi milli steina og klappa eru þessar tegundir helstar: *Antitrichia curtipendula*, *Dicranum scoparium*, *Hylocomium splendens*, *Hypnum jutlandicum*, *Isothecium myosuroides*, *Pleurozium schreberi*, *Rhytidiadelphus loreus* og *Rhytidium rugosum*.

Á og utan í steinum og klöppum eru þessar tegundir helstar: *Andreaea rupestris* *Arctoa fulvella*, *Bartramia ithyphylla*, *Dicranoweisia crispula*, *Dryoptodon patens*, *Frullania tamarisci*, *Grimmia donniana*, *G. montana*, *G. torquata*, *Hedwigia ciliata*, *Hypnum cupressiforme*, *Kiaeria blyttii*, *Metzgeria furcata*, *Polytrichum piliferum*, *Racomitrium affine*, *R fasciculare*, *R. heterostichum*, *R. lanuginosum*, *Radula complanata* og *Schistidium apocarpum*.

TEGUNDASKRÁ.

Hér fer á eftir listi yfir þær tegundir, sem fundust á svæðinu. Ættum er raðað í kerfisbundna röð, en innan ætta er tegundum raðað í stafrófsröð.

Marchantiaceae

MARCHANTIA ALPESTRIS (Nees) Burgeff

Í lækjarbökkum, einkum í fjalllendinu.

Metzgeriaceae

METZGERIA FURCATA (L.) Dum.

Utan í klettum, í urðum og utan á steinum í raka.

Aneuraceae

ANEURA PINGUIS (L.) Dum.

Í lækjarbökkum og öðrum rökum stöðum.

RICCARDIA CHAMAEDRYFOLIA (With.) Grolla

Í mýri við Eiðisvatn.

RICCARDIA LATIFRONS (Lindb.) Lindb.

Í mýrum við Eiðisvatn og Miðfellsmúla.

Pelliaceae

PELLIA NEESIANA (Gott.) Limpr.

Hér og þar í lækjarbökkum og skurðbökkum.

Jungermanniaceae

BARBILOPHOZIA FLOERKEI (Web. et Mohr) Loeske

Urðir og klapparholt.

BARBILOPHOZIA HATCHERI (Evans) Loeske

Urðir og klapparholt.

BARBILOPHOZIA KUNZEANA (Hueb.) K. Muell.

Í mýrum og við læki.

BARBILOPHOZIA QUADRILOBA (Lindb.) Loeske

Á þúfu í mýrlendi við Stóru-Fellsöxl.

JUNGERMANNIA BOREALIS Damsh. et Vana

Stóra-Fellsöxl, undir rökum fklettum.

JUNGERMANNIA EXSERTIFOLIA Steph.

Á steinum í lækjum í fjalllendinu.

JUNGERMANNIA GRACILLIMA Sm.

Í skurðbökkum á Grundartanga og við Eiðisvatn.

JUNGERMANNIA SUBELLIPTICA (Kaal.) Lev.

Undir rökum klettum og í skurðbökkum við Stóru-Fellsöxl.

LOPHOZIA COLLARIS (Nees.) Dum.

Í rökum klettum við læki.

LOPHOZIA EXCISA (Dicks.) Dum.

Í skurðbökkum.

LOPHOZIA HETEROCOLPOS (Thed.) Howe

Í rökum klettum.

LOPHOZIA SUDETICA (Hueb.) Grolle

Á steinum, í urðum, á jarðvegsþöktum klöppum og víðar.

LOPHOZIA VENTRICOSA (Dicks.) Dum.

Aðallega á og milli steina í urðum.

NARDIA GEOSCYPHUS (De Not.) Lindb.

Einkum í lækjarbökkum og á berum jarðvegi í fjalllendinu.

NARDIA SCALARIS S. Gray

Í skurðbökkum, lækjarbökkum og víðar.

SPHAENOLOBUS MINUTUS (Schreb.) Berggr.

Í mýrinni við Eiðisvatn.

TRITOMARIA QUINQUEDENTATA (Huds.) Buch

Í mýrum, við læki, í urðum, klettum og víðar.

Gymnomitriaceae

GYMNOMITRION CONCINNATUM (Lightf.) Corda

Á steinum í urðum.

GYMNOMITRION CORALLIOIDES Nees

Á steinum í Akrafjalli.

Plagiochilaceae

PLAGIOCHILA PORELLOIDES (Nees) Lindenb.

Aðallega í rökum klettum, urðum, utan á steinum og í lækjarbökkum.

Lophocoleaceae

CHILOSCYPHUS POLYANTHOS (L.) Corda

Á steinum í lækjum. *C. polyanthos* er hér notuð í víðustu merkingu, þannig að *C. pallescens* var. *fragilis* (Roth) K. Muell., sem er eina formið á svæðinu, er talið til þessarar tegundar.

Scapaniaceae

SCAPANIA CURTA (Mart.) Dum.

Í skurðbökkum.

SCAPANIA CUSPIDULIGERA (Nees) K. Muell.

Í urð við Stóru-Fellsöxl.

SCAPANIA DEGENII Schiffn.

Í rökum klettum við Eiðisvatn og Stóru-Fellsöxl.

SCAPANIA IRRIGUA (Nees) Gott. et al.

Mýrar og lækjarbakkar, einnig í skurðbökkum.

SCAPANIA SUBALPINA (Nees) Dum.

Aðallega í lækjarbökkum.

SCAPANIA UNDULATA (L.) Dum.

Á steinum í lækjum, í lækjarbökkum og í rökum klettum.

Adelanthaceae

ODONTOSCHISMA ELONGATUM (Lindb.) Evans

Í mýrum, einkum í kringum Eiðisvatn.

Cephaloziellaceae

CEPHALOZIELLA ARCTICA Bryhn et Douin

Á mel utan í Akrafjalli.

CEPHALOZIELLA DIVARICATA (Sm.) Schiffn.

Mest á þurrum stöðum, á melum, á steinum og klapparholtum innan um aðra mosa.

CEPHALOZIELLA HAMPEANA (Nees) Schiffn.

Mest í raklendi, aðallega í mýrum, einnig í skurðbökkum og finnst á þurrari stöðum.

Cephaloziaceae

CEPHALOZIA BICUSPIDATA (L.) Dum.

Í mýrum, skurðbökkum og víðar í raklendi. *C. ambigua* Mass. og *C. lammersiana* (Hueb.) Carring. eru hér ekki greindar frá *C. bicuspidata*.

CEPHALOZIA PLENICEPS (Aust.) Lindb.

Fannst bæði í mýrum og utan á stórum steinum.

Antheliaceae

ANTHELIA JURATZKANA (Limpr.) Trev.

Á berum jarðvegi í fjalllendinu.

Calypogeiaceae

CALYPOGEIA SPHAGNICOLA (H. Arn. et J. Perss.) Warnst. et Loeske

Í mýrunum við Eiðisvatn og Miðfellsmúla, innan um *Sphagnum*.

Pseudolepicoleaceae

BLEPHAROSTOMA TRICHOPHYLLUM (L.) Dum.

Í rökum klettum og við læki.

Ptilidiaceae

PTILIDIUM CILIARE (L.) Hampe

Aðallega í mólendi, einnig í þúfum í mýrlendi.

Radulaceae

RADULA COMPLANATA (L.) Dum.

Utan í klettum og steinum í raka eða skugga.

Porellaceae

PORELLA CORDAEANA (Hueb.) Moore

Í klettaskoru í Miðfellsmúla.

Jubulaceae

FRULLANIA TAMARISCI (L.) Dum.

Á og utan í steinum og klettum.

LEJEUNEA CAVIFOLIA (Ehrh.) Lindb.

Utan í klettum og steinum þar sem nokkur raki er eða skuggi.

Sphagnaceae

SPHAGNUM CENTRALE C. Jens.

Í mýrum við Eiðisvatn, Hólmavatn og í Leirársveit.

SPHAGNUM CONTORTUM K.F. Schultz

Í mýrum við Galtarvík og Eyrarfjall.

SPHAGNUM FALLAX (Klinggr.) Klinggr.

Í mýri í Leirársveit.

SPHAGNUM FIMBRIATUM Wils.

Í mýrum víða á svæðinu.

SPHAGNUM GIRGENSOHNII Russ.

Í mýrum víða á svæðinu.

SPHAGNUM MAGELLANICUM Brid.

Í mýri við austanvert Eiðisvatn.

SPHAGNUM PAPILLOSUM Lindb.

Í mýrum á nokkrum stöðum á svæðinu.

SPHAGNUM SUBNITENS Russ. et Warnst.

Víða í mýrlendi.

SPHAGNUM SUBSECUNDUM Nees

Í mýrlendi við Grundartanga, Eiðisvatn og Miðfellsmúla.

